


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Módelteikning MYNL2MA05 Námsáætlun haust 2016	

Kennari: Björg Eiríksdóttir, BJE, bjorg@vma.is

Viðtalstími: Mánudaga 09:40-10:20

Áfangalýsing

Nemandinn þjálfar sig í að umbreyta þrívíðu formi mannslíkamans í tvívíða teikningu.

Samvinna sjónskynjunar og hreyfingar handa er eflað á ýmsa vegu. Nemandinn tileinkar sér aðferðir til að meta stærðir, stefnu, hlutföll og afstöðu mismunandi líkamsparta og raða saman í heildarmynd. Hann rannsakar á agaðan hátt byggingu og mótun forma mannslíkamans þar sem áhersla er á jafnvægi, hlutföll, hreyfingu og innsýn í þann samhljóm sem er milli módelteikningar og beina og vöðvabyggingar. Nemandinn beitir einnig frjálsri teikningu þar sem leikur, túlkun og tjáning er í forgrunni. Teiknað og mótað er eftir lifandi fyrirmynd, beinagrind og tvívíðum myndum t.d. með blýanti, kolum, bleki og leir. Í tengslum við verkefnavinnu skoðar nemandinn dæmi úr myndlistasögu og samtímalist þar sem mannslíkaminn er viðfangsefnið. Hann vinnur sjálfstætt að nánari skoðun á módeli og teiknistil milli kennslustunda og ígrundar stöðugt verk sín í samvinnu við aðra nemendur og kennara.



Samuel Bonill

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- samvinnu sjónskynjunar og hreyfingar handa í teikningu
- jafnvægi, hlutföllum, hreyfingu og mótun forma mannslíkamans
- samhljómi milli módelteikningar og beina- og vöðvabyggingar
- aðferðum til að meta jafnvægi, hlutföll, hreyfingu og afstöðu mismunandi líkamshluta
- hvað er ólíkt með rannsóknarvinnu og frjálsri teikningu
- hvernig nokkrir listamenn hafa unnið með mannslíkamann í sögunni og samtímanum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- hreyfa teikniáhold í samræmi og samfellu við skynjun sína
- teikna og móta hreyfingu mismunandi líkamsstöðu í jafnvægi og réttum hlutföllum
- móta megin form líkamans á tvívíðum fleti
- beita hjálparaðferðum til að meta jafnvægi, hlutföll, hreyfingu og afstöðu mismunandi líkamshluta
- byggja teikningu sína á rannsóknarvinnu á mannslíkamanum og verkum annarra
- skynja og túlka það sem hann sér og upplifir

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna að ýmsum ólíkum verkefnum í módelteikningu
- koma auga á hluti/þætti í umhverfi sínu sem tengjast módelteikningu og vinna með þá á eigin forsendum

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		
Módelteikning MYNL2MA05		
Námsáætlun haust 2016		

- nýta verk annarra listamanna sem innblástur fyrir eigin verk
- ígrunda verk sín og vinnuferli
- taka virkan þátt í umræðu um eigin verk og annarra

Námsmat

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþáttar		Vægi
Verk	Rannsókn - hlutföll, jafnvægi, hreyfingu		25%
	Hraðteikning - túlkun, tjáning		25%
Vinnuferli	Opinn hugur, frumleiki, hugvitssemi		15%
	Þor, eflist við ögrun, sjálfstæð rannsókn		15%
	Vinnur úr upplýsingum, notar fyrirmyndir, ígrundar		15%
Skissubók	Sjálfstæð rannsókn á mannlíkama og teiknistíl		5%
	Samtals:		100%
Annað: Þegar verk eru metin er tekið tillit til afraksturs í tengslum við ætlan, notkunar grunnreglna og valds á efnun aðferðum. Námsmatsþættirnir eru metnir reglulega á önninni, með leiðsagnamati, sjálfsmati og kennaramati.			

Verkefni sem unnin eru sitt á hvað og samtvinnuð alla önnina

Rannsókn, langar stöður. Áhersla lögð á að greina jafnvægi, hlutföll og hreyfingu og til þess notaðar ýmsar hjálparaðferðir.

Hraðteikning, stuttar stöður. Áhersla á leik, túlkun og tjáningu.

Leirmótun, stuttar og langar stöður. Áhersla á skynjun þrívíða formsins.

Vinna í skissubók, heima. Nánari rannsókn á mannlíkamanum og teiknistíl.

Verk listamanna í nútíð og fortíð sem fást við mannlíkamann skoðuð meðfram annarri vinnu.


Með fyrirvara um breytingar.

Símar eru ekki leyfðir í módelteikningu

Opið hús 1. des

Teikningar skulu sóttar á sýnidegi prófa 16. des

Gangi ykkur vel

17. ágúst 2016

 Undirritun kennara


 Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils